

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

5. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 5. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 18. febrúar 2026 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Guðveig L Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Þórunn Unnur Birgisdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar (kemur inn á fund vegna umræðu um könnun um nafn á nýtt sveitarfélag)
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG (sat fundinn á Teams)
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

1. Staða verkefnis

Jón Hrói fór yfir tímaáætlun og stöðu verkefna.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

2. Könnun um val á nafni á nýtt sveitarfélag

Framhald umræðu á 4. fundi. Umræða um útfærslu á könnun á meðal íbúa um val á nafni. Þórunn Unnur kynnir OneVote kerfi. Lilja Ósk kynnir tilboð frá Maskínu.

Þórunn Unnur kemur inn á næsta fund undirbúningsstjórnar með frekari upplýsingar um útfærslu í OneVote.

Afgreiðsla: Ákveðið að óska eftir nánari útfærslu og tilboði frá OneSystem vegna notkunar OneVote við könnun á meðal íbúa um nafn á nýtt sveitarfélag.

3. Sveitarfélaganúmer og vinnuheiti

Samkvæmt ábendingu frá starfsmanni þjóðskrár þarf undirbúningsstjórn að velja sveitarfélaganúmer og vinnuheiti vegna sveitarstjórnarkosninga.

Afgreiðsla: Ákveðið að notast verði við sveitarfélaganúmer Borgarbyggðar fyrir sameinað sveitarfélag. Vinnuheiti sameinaðs sveitarfélags vegna sveitarstjórnarkosninga verði Borgarbyggð og Skorradalshreppur.

4. Umræða um samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags

Umræður og yfirferð yfir tillögur að breytingum á samþykkt.

Ráðgjöfum falið að taka saman tillögur að breytingum og senda fulltrúum í undirbúningsstjórn til athugasemda.

Afgreiðsla: Ákveðið að niðurstöður verði teknar saman í skilaskýrslu undirbúningsstjórnar til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:58.